

Nr. 1261

29. desember 2008

## AUGLÝSING um gjaldskrá kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps 2009.

### 1. gr.

Vatnsskattur verði 0,20% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 30.000 á sumarhús og kr. 30.000 á íbúðarhús.

Fyrirtæki sem safna vatni í eigin miðlun fá 30% afslátt af vatnsskatti.

### 2. gr.

Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir frístundahús og íbúðarhús verða kr. 277.589.

Tengigjöld fyrir íbúðarhús í þéttbýlinu Borg verða kr. 231.323.

Tengigjöld fyrir lögþýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða kr. 454.691.

### 3. gr.

Af þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á, en hafa tengst vatni, er innheimt fast árgjald kr. 8.000.

### 4. gr.

Auglýsing þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Auglýsingin tekur þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 29. desember 2008.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2009